

Fundargerð 409

Mánudaginn 4. nóvember 2013 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Borgum, Akureyri. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Bergsteinn Einarsson varamaður, Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, og Rögnvaldur Ólafsson. Ólöf Hallgrímsdóttir og Valdimar Hafsteinsson boðuðu forföll. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjaviðs, Pétur Grétarsson, lánasérfræðingur, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10.02 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar
3. Samstarfsskvóti – tillögur um samstarf
4. Tillaga um lækkun verðtryggðra vaxta
5. Minniblað um veitingu lána til bænda
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Fundaáætlun til vors 2014
8. Önnur mál

Að loknum fundi var fyrirhugaður fundur stjórnar Byggðastofnunar í Ráðhúsi Akureyjarbæjar með formanni bæjarráðs þar sem farið yrði yfir rekstur sveitarfélagsins, þróun og horfur.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 408 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar

AÐ fór yfir 9 mánaða uppgjör stofnunarinnar. Áhyggjuefni væri lítil eftirspurn eftir nýjum lánum. Nokkuð hefur verið um uppgreiðslur bankanna. Þörf er á að taka upp umræðu um gjaldskrá og hugsanlega breytingu á lögum um stofnunina. Rætt var um stöðu verkefnisins Brothættar byggðir og kostnað vegna þess. Yfirliti yfir kostnað við verkefnið verður dreift á næsta fundi.

SBS sagði frá verkefnum sem þróunarsvið vinnur að:

- Byggðaáætlun – drögum að áætlun skilað í lok vikunnar og vinnu við stöðulýsingu er að ljúka
- Samstarfsskvóta – mikil vinna hefur farið í það
- Brothættar byggðir – íbúafing var haldið um helgina á Breiðdalsvík
- Verið er að vinna tillögu að nýju byggðakorti, Byggðastofnun mun vinna undirbúningsvinnu
- Mat á vaxtarsamningum er í gangi,
- Umsóknarfrestir eru í ganga í NPP og NORA,
- Mikil vinna hefur farið fram við stefnumótun í NPP

- Sóknaráætlun landshluta – ekki er gert ráð fyrir umtalsverðu framlagi í fjárlögum 2014 en engu að síður er reiknað með að verkefninu verði haldið áfram.
- Haustfundur þróunarfélaganna verður haldinn á Húsavík í næstu viku

3. Samstarfsvóti – tillögur um samstarf

AÐ sagði frá vinnunni sem unnin hefði verið, en fundað hefur verið með umsækjendum undanfarna daga. Verði framlagðar tillögur samþykktar þá verða send bréf til viðkomandi sveitastjórna og þeim gefið tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum í samræmi við reglugerðina.

SÁ og PG fóru yfir tillögurnar sem fólu í sér eftirfarandi ráðstöfun á aflamarki Byggðastofnunar

- Umsókn 1310011 vegna Tálknafjarðar, 400 tonn
- Umsókn 1310008 vegna Suðureyrar, 400 tonn
- Umsókn 1310015 vegna Raufarhafnar, 400 tonn
- Umsókn 1310014 vegna Flateyrar, 300 tonn
- Umsókn 1310016 vegna Drangsness, 150 tonn

Umsóknir frá Breiðdalsvík fólu í sér takmarkað mótframlag og takmarkaðar fyrirætlanir um vinnslu. Því var vísað til stjórnar hvort öllum umsóknum skyldi hafnað strax eða frekari tilraunir gerðar til að leita eftir umfangsmeira mótframlagi umsækjenda.

Farið var ítarlega yfir hverja tillögu fyrir sig.

Formaður lagði til að leitað verði eftir samstarfssamningum um 400 tonn á grundvelli umsóknar nr. 1310011 vegna Tálknafjarðar, 400 tonn á grundvelli umsóknar nr. 1310008 vegna Suðureyrar, 300 tonn á grundvelli umsóknar nr. 1310014 vegna Flateyrar og 400 tonn á grundvelli umsóknar nr. 1310015 vegna Raufarhafnar, samtals 1.500 þorskígildistonn.

Frekari viðræður fari fram vegna umsóknar nr. 1310016 vegna Drangsness með það að markmiði að allar aflaheimildir sem skráðar eru í þorpinu verði nýttar í þágu verkefnisins. Niðurstöður þeirra viðræðna verði lagðar fyrir stjórn en allt að 150 þorskígildistonnum af aflamarki Byggðastofnunar verði ráðstafað vegna þess verkefnis.

Öllum umsóknum vegna Breiðdalsvíkur verði hafnað þar sem fyrirbyggjandi umsóknir feli ekki í sér viðamikla starfsemi sem skipt geti sköpum um framtíð byggðarinnar.

Öðrum umsóknum verði hafnað.

Á grundvelli fyrirbyggjandi greiningar á öðrum sjávarbyggðum sem uppfylla lágmarksskilyrði reglugerðar um aflamark Byggðastofnunar verði auglýst eftir samstarfsaðilum um eflingu sjávarútvegs á Bakkafirði með allt að 150 þorskígildistonna framlagi Byggðastofnunar.

Samþykkt samhljóða.

4. Tillaga um lækkun verðtryggðra vaxta

Lagt var fram minnisblað frá forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs þar sem lagt er til að vextir á verðtryggðum lánum lækki úr 6,4% í 5,9% frá og með 15. nóvember nk. EGK fór yfir minnisblaðið. Lítið hefur verið af nýjum lánveitingum á árinu og hafa viðskiptabankarnir endurfjármagnað nokkuð af útlánum hjá stofnuninni.

Samþykkt samhljóða.

5. Minnisblað um veitingu lána til bænda

AP sagði frá fundum sem fulltrúar Byggðastofnunar hafa átt með fulltrúum bænda og bændasamtakanna um mögulega leið fyrir Byggðastofnun til að veita lán til bænda til að stuðla að kynslóðaskiptum og fjárfestingum.

Haldið verður áfram umræður við fulltrúa bænda um næstu skref.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 19/13, 21. október 2013

AP og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 20/13, 30. október 2013

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðirnar staðfestar.

7. Fundaáætlun til vors 2014

AP lagði fram tillögur að fundartíma stjórnar til vors.

- Föstudagurinn 6. desember nk. á Sauðárkróki.
- Föstudagurinn 10. janúar 2014.
- Föstudagurinn 14. febrúar 2014.
- Föstudagurinn 14. mars 2014.
- Föstudagurinn 11. apríl 2014, ársfundur.
- Föstudagurinn 16. maí 2014.
- Föstudagurinn 13. júní 2014.

8. Önnur mál.

Byggðaáætlun

Formaður upplýsti að til stæði að leggja þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2014–2017 fram á Alþingi í haust. Fór hann í gegnum helstu áherslur áætlunarinnar.

Næsti fundur verður 6. desember 2013 á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:18
Magnús Helgason, fundarritari
